

Til bæjarstjórnar í Fjallabyggð.

Kirkjugarðar eru menningarminjar. Þar ríkir jafnan kyrrð og friður í virðingu við þá sem látnir eru og þar hvíla. Þar getur maður gengið á milli leiða og rifjað upp sögu þeirra persóna sem garðinn gista, atburði og tengsl fólks í gegnum sögu og tíma. Gestir í kirkjugörðunum eru trúlega oftast ættingjar og vinir látinna, en garðarnir eru líka staðir þangað sem fólk fer til að eiga kyrrðarstund, þótt það sé ókunnugt, janfvel ferðafólk frá fjarlægum slóðum, vant því að ganga inn í friðarreit látinna heima fyrir, njóta næðis og oftast en ekki fegurðar umhverfisins. Því kirkjugarðar eru jafnan á áberandi stöðum í hverfum og jafnvel á pari við skrudgarða bæjanna.

Undanfarin ár hef ég farið með hópa nemenda minna í gönguferð um Akureyri og þá komið í fjarskalega vel hirtan og snyrtilegan kirkjugarð á Suðurbrekkunni. Unglingarnir, sem oft hafa aldrei áður stigið inn í slíkan garð, gera það af virðingu, ganga hljóðlega um. Innan um og saman við er krakkar sem biðja um að fá að fara og heimsækja tiltekin leiði. Það eru áhrifaríkar stundir. Og krakkarnir eru þakklátir fyrir þessa reynslu. Og hrifnir af fegurð umhverfisins.

Undanfarinn áratug eða svo hef ég komið að vori eða snemma sumars til Siglufjarðar með blómaker til að leggja að minnisvarðanum um sr. Bjarna Þorsteinsson og frú Sigríði Blöndal á Hvanneyrarhólnum og einnig á leiði afa minna, Ásgeirs Bjarnasonar og Páls Erlendssonar og eiginkvenna þeirra, Fridel Bjarnason og Hólmsfríðar Rögnvaldsdóttur. Þetta hafði móðurbróðir minn Arnold Bjarnason gert árum saman áður en ég tók við keflinu af honum. Fjöldi annarra, jafnt heimafólk sem burtfluttir, hafa á hverju ári komið til að sinna leiðum sínum og koma fyrir sumarblómum.

Nu er hins vegar svo komið að kirkjugarðurinn gamli og góði er ekki lengur sá fagri reitur sem var. Ég kom á miðju síðasta sumri og þá var garðurinn meira og minna undir sinu, illgresi og alls kyns ógróðri svo litfögur sumarblómin voru víðast komin í hvarf og jafnvel dauð.

Ég hélt í einfaldni minni að umhirða kirkjugarðsins væri hluti af viðfangsefnum sumarstarfs bæjarins og unglingar hefðu verið fengnir til að snyrta garðinn og halda honum þokkalegum. Þegar ég spurðist fyrir um þetta skildist mér að bærinn hefði ekki (lengur) með þetta að gera heldur sóknarnefnd og hún hefði ekki fjárráð til að láta hirða garðinn.

Mér finnst nauðsynlegt að kirkjugarðurinn sé snyrtilegur. Þá stund sem ég stoppaði þar um daginn komu nokkrir ferðamenn af skipinu Ocean Diamond inn í garðinn en sneru fljótt frá þegar þeir sáu hvers kyns var. Ætli það sé ekki einhvers konar kerfill sem hefur tekið völdin neðst í garðinum, ofar er sölnuð sina og fíflar, en einnig er áberandi við gangstíginn neðarlega að kistur og kassar hafa hrunið saman neðan jarðar og eftir standa holur í leiða stað.

En kirkjugarðar eru menningarminjar, minningarstaður. Það er nauðsynlegt, til virðingar við þá látnu og þá, sem láta sér svo annt um minninguna að þeir koma reglulega með blóm til að skreyta garðinn, að sjá um að garðurinn sé reglulega snyrtur. Af þessum sökum langar mig til að fara þess á leit við bæjarstjórn að sjá til þess að kirkjugarðurinn sé bæjarfélaginu til sóma og leggja sitt af mörkum ásamt sóknarnefnd að garðurinn sé sá fagri kyrrðar- og minningarreitur, sem hann á að vera. Til dæmis með því að lána starfsmenn úr unglingavinnunni til starfsins eða með einhverju öðru móti sem mögulegt er.

Með bestu kveðju

Sverrir Páll Erlendsson  
menntaskólakennari á Akureyri